



Annáll vorannar 2026

Kennsla hófst í FVA samkvæmt stundaskrá mánudaginn 6. janúar og líf og fjör færðist yfir skólann. 20. – 23. febrúar var kærkomið vorfrí og mættu starfsfólk og nemendur endurnærð til starfa að því loknu. Síðasti kennsludagurinn var 13. maí og prófa- og verkefnadögum lauk föstudaginn 22. maí. Brautskráð var frá skólanum föstudaginn 29. maí.

Tölulegar upplýsingar

Heildarfjöldi nemenda við skólann á vorönn 2026 var 485. Þar af voru 414 nemendur í dagskóla og 71 nemendur í dreifnámi. Í heildina var kynjaskipting þannig að 53% nemenda voru karlar og 47% konur. Í dagskólanum var kynjahlutfallið 55% karlar og 45% konur, í dreifnámi var kynjahlutfallið 42% karlar og 58% konur. Í dagskólanum voru flestir á opinni stúdentsbraut eða 150 nemendur. 49 nemendur voru á náttúrufræðabraut og 25 á félagsfræðabraut. 35 nemendur voru á sjúkraliðabraut í dreifnámi. Á iðnnámsbrautum voru 63 nemendur í rafvirkjun í dagskóla, í húsasmíði voru 25 nemendur í dagskóla og 36 í dreifnámi, í vélvirkjun voru 29 nemendur í dagskóla.

Foreldrasamstarf

Stjórn foreldraráðs skólaárið 2025-2026 skipa: Anna Þóra Þorgilsdóttir, Ólöf Birgisdóttir, Berta Björg, Freydís Bjarnadóttir, Ragnar Heimir Gunnarsson, Sigurður Óskar Guðmundsson og Sigfús Magnússon. Ráðið heldur fundi og eru fundargerðir vistaðar í skjalakerfi skólans. Hægt er að koma ábendingum til ráðsins í gegnum netfangið foreldrarad@fva.is.

Fulltrúaráð og skólanefnd

Fulltrúaráð er skipað 12 fulltrúum frá sex sveitarfélögum sem standa að rekstri skólans. Fulltrúaráð skipa Benedikt J. Steingrímsson, Guðmann Magnússon, Margrét Helga Ísaksen, Ragnheiður Helgadóttir og Sigrún Ágústa Helgadóttir (Akranes), Þorvaldur T. Jónsson og Jóhanna Þorvaldsdóttir (Borgarbyggð), Einar Jón Geirsson (Dalabyggð), Ástríður Guðmundsdóttir (Skorradalshreppur), Veronika G. Sigurðardóttir (Eyja- og Miklaholtshreppur), Andrea Ýr Arnarsdóttir og Birkir Snær Guðlaugsson (Hvalfjarðarsveit). Steingrímur Benediktsson er áheyrnarfulltrúi kennara í fulltrúaráði skólans og Davíð Reynir Steingrímsson er til vara. Fulltrúaráð kom ekki saman á árinu.

Í júní 2023 var skólanefnd skipuð til fjögurra ára. Tveir fulltrúar ráðsins eru kosnir í skólanefnd, í henni eru samtals fimm. Ellert Jón Björnsson, Þórdís Eva Rúnarsdóttir og Liv Áse Skarstad, Jóhanna M. Þorvaldsdóttir og Ragnheiður Helgadóttir. Formaður er Liv Áse. Varamenn eru Hjördís Garðarsdóttir, Maren Rós Steindórsdóttir, Guðmundur Reynir Georgsson, Andrea Ýr Arnarsdóttir og Guðlaug Kristinsdóttir. Áheyrnarfulltrúi kennara er Finnbogi Rögnvaldsson og áheyrnarfulltrúi nemenda er Sigurður Brynjarsson. Áheyrnarfulltrúi foreldraráðs er Þórunn Hilma Svavarsdóttir. Fundað var tvisvar á skólaárinu og er fundargerðir að finna á vef skólans.

Ungmennaráð Akraness

Nemendur FVA eiga einn fulltrúa Ungmennaráði Akraness, sem starfar að málefnum unga fólksins á svæðinu ásamt fulltrúum frá Brekkubæjarskóla, Grundaskóla, ÍA og Tónlistarskólanum.



Afreksíþróttasvið

Á vorönn 2026 stunduðu 59 nemendur nám á Afreksíþróttasviði FVA og voru þar í tíu ólíkum íþróttagreinum: fimleikum, golfi, keilu, knattspyrnu, körfuknattleik, ólympískum lyftingum, kraftlyftingum og sundi. Að auki voru þrír nemendur í svokölluðu hálfu afreki og sóttu þeir styrktarþjálfun og bóklega kennslu á sviðinu en æfðu sínar sérgreinar, badminton og karate, hjá sínum félögum.

Nemendur sækja að jafnaði tvær æfingar í viku hjá íþróttafélagi, mæta í styrktarþjálfun einu sinni í viku og fá bóklega kennslu í afreksíþróttum einu sinni í viku. Æfingar fara fram á nokkrum stöðum í bænum. Sund og knattspyrna fara fram á Jaðarsbökkum, golf á Garðavöllum, ólympískar lyftingar í aðstöðu World Class á Jaðarsbökkum og kraftlyftingar hjá Kraftlyftingafélagi Akraness við Þjóðbraut. Fimleikar, körfuknattleikur og keila fara fram í íþróttahúsinu við Vesturgötu. Bókleg kennsla og styrktarþjálfun fara fram í kjallara nýja íþróttahússins á Jaðarsbökkum. Á önninni störfuðu 14 starfsmenn við þjálfun og kennslu á Afreksíþróttasviði.

Önnin gekk mjög vel og var starfið fjölbreytt. Áfram var lögð áhersla á gott samstarf við félög innan íþróttabandalags Akraness, öfluga þjálfun, faglega umgjörð og stuðning við nemendur sem vilja samræma nám og íþróttaiðkun.

Á önninni fékk sviðið Jón Gaut Hannesson, fyrrverandi nemandi FVA, til að taka myndir af nemendum á æfingum. Myndirnar verða nýttar í kynningarstarfi skólans og til að gefa mynd af því fjölbreytta starfi sem fram fer á Afreksíþróttasviði.

Áfram var unnið að samstarfsverkefnum við íþróttafélög á svæðinu. Tímabundið verkefni var unnið í samstarfi við Knattspyrnufélag ÍA þar sem 14 drengir tóku þátt í æfingum á skólatíma. Verkefnið byggði á sérstöku samkomulagi og var markmiðið að koma til móts við nemendur sem æfa knattspyrnu á háu stigi og þurfa að samræma æfingar og nám. Leikmannasamtök Íslands höfðu í framhaldinu samband til að skoða hvort þessar æfingar hafi áhrif á nám nemenda. Rætt var um hvernig skólinn kemur til móts við nemendur sem æfa á skólatíma og hvaða áskoranir geta fylgt því þegar æfingaálag og skólasókn skarast. Mikilvægt er að fylgjast vel með þessu jafnvægi svo námið sitji ekki á hakanum þótt nemendur séu að sinna kröfum íþróttarinnar.

Einnig urðu breytingar á æfingatíma hjá Sundfélagi Akraness á önninni vegna erfiðleika við að fá brautir í Jaðarsbakkalaug á skólatíma grunnskólanna. Til reynslu hefur tímum þeirra því verið flýtt en vonandi finnst lausn sem hentar öllum aðilum.

Nokkuð var um meiðsli meðal nemenda á önninni og því var farið að skoða mögulegt samstarf við sjúkráþjálfarastöð í bænum. Sú vinna er enn í gangi, en vel hefur verið tekið í hugmyndina um að nemendur á Afreksíþróttasviði geti komist fyrr að hjá sjúkráþjálfara ef þörf er á. Slíkt samstarf gæti styrkt enn frekar utanumhald um nemendur, sérstaklega þegar kemur að endurhæfingu og meiðslaforvörnum.



Að venju var gott samstarf við Íþróttabandalag Akraness. Verkefnastjóri Afreksíþróttasviðs fundaði reglulega með fulltrúum ÍA á önninni þar sem farið var yfir málefni líðandi stundar, stöðu nemenda, samstarf við félögin og þau verkefni sem tengjast afreksíþróttastarfi í bænum. Slíkt samstarf er mikilvægur þáttur í því að styrkja tengsl skólans við íþróttahreyfinguna á Akranesi.

Verkefnastjóri Afreksíþróttasviðs tók þátt í starfsþróunardegum framhaldsskóla þar sem hún kynnti starf Afreksíþróttasviðs FVA. Í erindinu var fjallað um uppbyggingu sviðsins, samstarf við íþróttafélög, skipulag náms og æfinga og þá reynslu sem hefur skapast af starfinu undanfarin ár.

Á önninni sóttu verkefnastjóri og skólameistari erindið „Afreksmenning og stjórnun – hvernig ýtum við undir árangur og öfluga menningu?“ þar sem Þórir Hergeirsson, handknattleiksþjálfari og fyrirlesari, fjallaði um afreksmenningu, stjórnun og árangur. Í erindinu var meðal annars rætt um jákvæða mannsýn, traust, styrkleikamiðaða nálgun, teymisvinnu, hlutverk, ábyrgð og mikilvægi þess að gildi og menning séu leiðarljós í daglegu starfi. Erindið nýttist vel í tengslum við áframhaldandi þróun Afreksíþróttasviðs og þá menningu sem mikilvægt er að byggja upp í kringum ungt afreksíþróttafólk.

Á námsmats- og verkefnadögum vorannar fengu nemendur Afreksíþróttasviðs fræðslu frá Magna Grétarssyni, sjúkráþjálfara hjá Primal Iceland. Erindið fjallaði um endurheimt, meiðslaforvarnir og endurhæfingu eftir meiðsli. Magni ræddi meðal annars mikilvægi þess að hlusta á líkamann, sinna endurheimt markvisst og bregðast rétt við þegar meiðsli koma upp. Fræðslan vakti áhuga nemenda og tengdist vel daglegu lífi þeirra sem æfa mikið samhliða námi.

Áfram var rætt um mögulega þátttöku verkefnastjóra í starfi Afreksíþróttamiðstöðvar Íslands, AMÍ. Þær viðræður hafa þó ekki skilað sér í formlegu samstarfi að svo stöddu, meðal annars þar sem fundum með ÍSÍ hefur verið frestað. Vonast er til að skýrari mynd fái af því samstarfi síðar.

Vorönnin 2026 var í heildina góð á Afreksíþróttasviði FVA. Nemendahópurinn var öflugur og samstarf við félögin á Akranesi hélt áfram að þróast. Áhersla verður áfram lögð á að styðja vel við nemendur, efla tengsl við íþróttahreyfinguna og þróa starfið þannig að nemendur geti sinnt bæði námi og íþróttum af metnaði.

Starfsbraut

Á vorönn 2026 voru 30 nemendur sem stunduðu nám á Starfsbraut. Á brautinni störfuðu sex kennarar, einn iðjubjálfi og fimm stuðningsfulltrúar.

Námið á Starfsbraut var sem fyrr fjölbreytt, hagnýtt og lifandi. Lögð var áhersla á reynslunám þar sem nemendur fá tækifæri til að takast á við fjölbreytt verkefni, bæði innan skólans og utan hans, þar sem nærumhverfið var nýtt markvisst til náms, hreyfingar, samveru og aukinnar þátttöku í samfélaginu.

Breyting varð á íþróttakennslu á önninni þegar nemendur í lýðheilsu fóru einu sinni í viku í styrktarþjálfun í nýrri og glæsilegri aðstöðu World Class í stað hefðbundinna íþróttatíma í íþróttasal.



Mikil ánægja var með þessa nýbreytni, enda skapaði hún nemendum tækifæri til að kynnst líkamsræktarumhverfi, læra rétta líkamsbeitingu og efla sjálfstæði sitt í heilsuefningu. Vonir standa til að hægt verði að halda áfram að bjóða upp á styrktarþjálfun í jafn góðri aðstöðu á næstu önn, enda er markmiðið að nemendur öðlist öryggi og færni sem nýtist þeim áfram að lokinni skólagöngu í FVA.

Á opnum dögum var boðið upp á fjölbreytt verkefni og námskeið fyrir nemendur á Starfsbraut. Þar má meðal annars nefna slíngerðarnámskeið og heimsókn í hesthús, auk annarra verkefna sem gáfu nemendum tækifæri til að prófa eitthvað nýtt, vinna saman og njóta þess að brjóta upp hefðbundinn skóladag.

Í handmennt var fjölbreytni í fyrirrúmi og unnu nemendur að ólíkum verkefnum þar sem sköpun, verkleg færni og sjálfstæði fengu að njóta sín. Verkefnin voru bæði hagnýt og skapandi og gáfu nemendum tækifæri til að prófa mismunandi efnivið, aðferðir og vinnubrögð. Slík verkefni eru mikilvægur hluti af náminu þar sem þau efla einbeitingu, fínhyringar, úthald og trú nemenda á eigin getu.

Á námsmatsdögum í lok annar var að venju mikið brallað. Þá var uppbot á stundatöflu og nemendur mikið á ferð og flugi. Meðal annars var farið í Borgarnes, þar sem hópurinn fór í sund. kaffihús og naut samveru utan skólans. Einnig var farið í ratleik Heimboð til kennara og grillað í Álfholtsskógi, auk þess sem nemendur heimsóttu Húsdýragarðinn og fóru í Flyover íceland. Slíkir dagar eru mikilvægur hluti af starfinu á Starfsbraut, þar sem reynir á sjálfstæði, samvinnu og félagsfærni í fjölbreyttum aðstæðum.

Viðburðir í skólastarfi og vettvangsferðir

Hér eftir er stiklað á stóru um það sem fram fór fyrir utan hefðbundna kennslu á vorönn:

Spurningakeppnin Gettu betur hófst í byrjun nýs árs. Lið FVA var skipað þeim Morten Ottesen, Ísólfi Darra Rúnarssyni og Sunnu Arnfinnsdóttur. Liðið vann fyrstu tvær keppnir sínar og komst þar með í beinar sjónvarpsútsendingar. Þann 19. mars mætti okkar fólk í beina útsendingu í sjónvarpssal og attu kappi við lið Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Viðureigninni lauk með sigri FSU. Ísólfur, Sunna og Morten stóðu sig virkilega vel, mikil og góð stemning var í stuðningsliði FVA í sjónvarpssal og atriðið úr söngleiknum Hvar er draumurinn? var frábært.

Vika 6, sjötta vika hvers árs, er árlegur viðburður þar sem skólasamfélagið er hvatt til að setja kynheilbrigði í forgrunn og bjóða upp á fjölbreytta kynfræðslu. Jafnréttisfélagið Bríet, í samvinnu við Góðgerðarfélagið Eynir (Gey) stóð fyrir metnaðarfullri dagskrá alla vikuna þar sem meðal annars var boðið upp á bíókvöld, Blush bingó til styrktar Bjarkarhlíðar og Kahoot keppni á sal skólans.

Jafnréttisvika FVA, vika sjö, var haldin hátíðlega í skólanum í fyrsta sinn. Jafnréttisdagur FVA var jafnframt haldinn í þeirri viku, eða fimmtudaginn 12. febrúar. Í framhaldinu var ákveðið að fimmtudagur í viku sjö sé hér með jafnréttisdagur FVA ár hvert. Markmið með viku 7 og jafnréttisdagsins var að vekja athygli á jafnréttismálum, skapa umræður og gera jafnréttismál sýnileg innan skólans sem utan. Innskot og fræðsla var á samfélagsmiðlum skólans og hlekkir á viðburði jafnréttisdaga Háskóla Íslands. Litaður hafragrautur var í boði alla vikuna í mötuneytinu.

Að frumkvæði heilsuefningarteymis skólans tók starfsfólk þátt í Lífshlaupinu og stóðu sig gríðarlega vel

Hefð hefur skapast fyrir því að halda Opna daga í skólanum á vorönn. Í ár voru *Opnir dagar* haldnir 16. – 18. febrúar og voru það Arnar og Vera sem báru hitan og þungan af skipulagningu daganna með



metnaðarfullri dagskrá. Á opnum dögum vikur hefðbundin kennsla fyrir ýmsum viðburðum og uppákomum. Meðal annars var í ár boðið upp á skautuferð, bakstur, Reykjavíkurfærð og Paintball skotboltaleik. Jóel Sæmunds leikari hélt skemmtilegan fyrirlestur um gervigreind í námi... Nemendum bauðst einnig meðal annars að læra brids, fundarstjórn, logskurð og rafsúðu, svo eitthvað sé nefnt. Opnum dögum lauk með árshátíð NFFA sem haldin var í Golfskálanum og endaði með balli á sal skólans.

Á opnum dögum vorið 2025 buðu þær Borghildur Jósúadóttir og Bryndís Siemsen upp á vinnustofur í að brjóta trönur. Verkefni sem styrkt var af Menningarsjóði Akraneskaupstaðar. Í febrúar í ár komu þær stóllur færandi hendi með 100 trönur til viðbótar, trönurnar hanga nú allar á bókasafni skólans.

Í byrjun mars gerði hópur nemenda í vélvirkjun góða ferð í Grundartanga. Norðurál tók þar vel á mótí hópnum og bauð upp á áhugaverða fræðslu um álframleiðslu og skoðunarferð um verksmiðjuna.

Nemendur í íslensku fóru, ásamt kennurum sínum, í Borgarleikhúsið að sjá Niflungahringinn allan í útfærslu Hunds í óskilum. Sýningin er byggð á óperum Richards Wagners, þar sem hann vinnur með germanska menningararfinn og leitar meðal annars fanga í Snorra-Eddu sem nemendur í íslensku eru einmitt að lesa. Nemendur voru sáttir með útkomuna og voru skólanum til sóma sem endranær.

Árlega stærðfræðikeppni grunnskólanna átti upphaflega að vera 20. mars, en var frestað vegna veðurs til 17. apríl. Alls tóku 114 nemendur úr sex skólum þátt í keppninni sem tókst virkilega vel og var öllum þátttakendum boðið í pizzu að keppni lokinni. Nemendur í 10 efstu sætunum í hverjum árgangi mættu síðan í verðlaunaafhendingu 9. maí þar sem þeir fengu afhent viðurkenningaskjöl.

Útskriftarnemar á rafiðnaðarbraut gerðu góða ferð í Borgarnes þar sem þeir heimsóttu Rarik. Nemendur fengu að kynna sögu Rarik og starfsemi þess og fengu útskýringar á búnaði og verkfærum sem fylgja starfseminni. Þau sem vildu fengu að klifra upp rafmagnsstaur í svokölluðum stauraskóm. Að lokum var boðið til dýrindis pizzaveislu.

20 nemendur í áfanganum SAGA... lögðu land undir fót, ásamt Stefáni kennara sínum og náms-og starfsráðgjafa skólans Bryndísi Gylfadóttur, og var förin heitið til Krakow og Auschwitz í Póllandi. Nemendur heimsóttu eitt safn eða menningartengdan stað að eigin vali. Meðal þess sem nemendur skoðuðu voru Legó safn, Schindler verksmiðjan, Banksý listasýning og Krakow sögusafn. Einn dagur var tekinn í það að skoða útrýmingarþúðir nasista í Auschwitz. Heimsókn í safnið vekur upp margar tilfinningar og einstaklingsbundið hvernig hver og einn upplifði staðinn. Heimferðin gekk ekki alveg eins og hún átti að gera, við millilendingu í Kaupmannahöfn var tilkynnt að vegna veðurs á Íslandi væri flugi þangað aflýst. Hópurinn fékk því óvæntan auka dag í Kaupmannahöfn og millilentu í Færeyjum daginn eftir.

Ísólfur Darri Rúnarsson keppti fyrir hönd FVA í Söngkeppni framhaldsskólanna. Ísólfur Darri söng lagið You don't have to say you love me með Elvis Presley. Ísólfur stóð sig gríðarlega vel í beinni sjónvarpsútsendingu.

Við fengum góða gesti í heimsókn til okkar í FVA þegar 140 nemendur úr 10. bekkjum Grundaskóla, Brekkubæjarskóla og Heiðarskóla kíktu til okkar. Nemendur fengu kynningu á námsframboði hjá deildarstjórum, nemendafélagið kynnti starfsemi sína og bauð nemendum að freista gæfunnar á lukkuhjólí. Nemendur fengu einnig kynningu á húsnæði skólans, mótuneytið bauð upp á pizzu og drykki og að lokum voru öll leyst út með gjöf frá skólanum. Virkilega vel heppnað og skemmtilegt.



Í kjölfarið var opið hús í skólanum 21. apríl þar sem gestir og gangandi og áhugasamir nemendur og forráðamenn gátu kynnt sér skólann og námsframboðið. Rjúkandi vöflur og snarpheitt kaffi var á boðstólnum.

3 kennarar og 16 nemendur frá Närpes í Finnlandi komu í heimsókn til okkar í FVA. Hópurinn fékk fræðslu um Akranes, lífið í FVA og skoðaði húsnaði skólans. Þau fengu einnig að vera viðstödd kennslu í ensku, dönsku og myndlist. Þeim leist vel á skólann og margt sem þeim fannst sambærilegt við þeirra skóla í Finnlandi.

Héðinn Unnsteinsson kom til okkar og hélt fyrirlestur í salnum. Í fyrirlestrinum ræddi Héðinn meðal annars lífsorðin 14, sagði sögur af eigin reynslu og velti fyrir sér hvað það er sem í rauninni skiptir máli í lífinu.

Málstofa sjúkraliðanema var haldin 24. apríl, þar sem 14 útskriftarnemar kynntu lokaverkefni sín. Lokaverkefnin voru fjölbreytt og spennandi, allt frá því að fjalla um hvernig dýr geta hjálpað til í hjúkrun, Alzheimersjúkdóminn, geðhelbrigði og fíkn aldraðra.

Hefð hefur skapast fyrir því að útskriftarnemar gróðursetji tré á hverju vori. Í ár vildi svo skemmtilega til að gróðursetningin bar upp á Degi jarðar, sem haldinn er 22. apríl ár hvert. Útskriftarnemar, ásamt kennara sínum Helenu Valtýsdóttur og félögum úr Skógræktarfélagi Akraness gróðursettu tré rétt við hringtorgið inn í bæinn. En Skógræktarfélag Akraness er einmitt að rækta upp skjólbelti á þeim stað.

Framboðsfundur fyrir sveitarstjórnarkosningar var haldinn í FVA 22. apríl. Flokkarnir fimm sem bjóða sig fram sendu fulltrúa sína í pallborðsumræður og fengu tækifæri til að kynna sig og svara spurningum.

Angela okkar, myndlistarkona og kennari, sigraði í jafnréttiskeppni KÍ (JAKI) á framhaldsskólastigi ásamt sínum frábæru nemendum! Viðurkenningin er fyrir kennsluverkefnið Nemendur sem aðgerðarsinnar- nemendamiðuð listranssókn sem kennsluáðferð í jafnréttismálum. Jafnréttisnefnd KÍ boðaði til samkeppni um jafnréttisverkefni sem notuð hafa verið í kennslu í skólum hér á landi. Samkeppnin náði til allra skólastiga og gátu jafnréttisverkefnin verið allt frá þemaverkefnum heilla skóla eða árganga til verkefna einstakra kennara fyrir bekki eða afmarkaðan hóp nemenda. Verkefni þurftu að rúmast undir hatti alhliða jafnréttis og grunnþættinum jafnrétti. Í umsögn dómnefndar kom m.a. fram að verkefni Angelu hafi skorið sig sérstaklega úr fyrir metnaðarfulla og samfélagslega tengda nálgun. Dómnefnd taldi verkefnið einnig sterkt dæmi um hvernig skólastarf getur hvatt ungt fólk til virkrar þátttöku í baráttunni fyrir jafnrétti.

Í kjölfarið af Jafnréttiskeppni KÍ var ákveðið að halda innanhúskeppni og voru fjögur verkefni til úrslita. Ljósmyndasýningin Heimþrá bar sigur úr býtum, Snákasplið – fæðingarorlofs útgáfan var í öðru sæti og Litla bókin um jafnréttið í því þriðja. Skólablaðið Skamm, sem var endurvakið, fékk viðurkenningu fyrir einstaklega flott framtak í þágu skólans.

Nemendur FVA í margmiðlun hjá Angelu tóku þátt í keppninni *Umhverfisfréttafólk (Young reporters for the Environment)* sem er vettvangur fyrir ungt fólk til að kynna sér umhverfismál með gagnrýnum hætti og miðla upplýsingum á fjölbreyttan og skapandi hátt. Alls komust 60 verkefni inn í keppnina og þar af átti FVA 4 í úrslitum, þau eru:

- SPORIÐ – spil um umhverfismál fyrir alla fjölskylduna. Birgitta Lilja Sigurðardóttir, Hafdís María Arnórsdóttir, Agla Agnarsdóttir og Aníta Sif Flosadóttir.
- 500 KALLINN – ádeila á kapitalisma og áhrif hans á umhverfið. Aldís Ósk Arnardóttir og Ásrún Silja Andradóttir



- HEIMÞRÁ – ljósmyndasería sem varpar ljósi á ójafnvægi í jafnréttismálu. Arndís Elfa Pálsdóttir, Ásrún Silja Andradóttir, Sandra Björk Freysdóttir og Sigríður Sól Þórarinsdóttir
- FÁUM VIÐ LÍKA FRAMTÍÐ? – Skúlptúr innsetning og ljóð. Arndís Elfa Pálsdóttir, Sandra Björk Freysdóttir og Sigríður Sól Þórarinsdóttir

SPORIÐ hreppti 3. sætið í keppninni og HEIMÞRÁ fékk viðurkenningu fyrir framúrskarandi listsköpun. Glæsilegur árangur hjá Angelu og nemendum hennar.

Skuggakosningar fyrir sveitastjórnarkosningar voru haldnar í skólanum 29. Apríl. Alls greiddu 127 nemendur atkvæði í heimasmiðuðum kjörklefa sem Leó og Kiddi græjuðu. Niðurstöður skuggakosninganna eru svo kunngjörðar í kosningasjónvarpi á kjördegi, 16. maí.

Jafnréttismerkið endurnýjað?

FVA bauð meisturum á Vesturlandi og fulltrúa Nemastofu atvinnulífsins til hádegisverðarfundar í byrjun maí. Á fundinum var ferilbók og vinnustaðanám til umræðu. Erfitt reynist að fá samninga fyrir nemendur undir 18 ára og nemapláss á Vesturlandi eru jafnframt fá. Samtalið á fundinum var gott og ýmsar leiðir skoðaðar þó engin ein lausn sé í sjónmáli.

Í maí afhentu Góðgerðarfélagið Eynir (Gey) og Jafnréttisfélagið Bríet Bjarkarhlíð söfnunarfé að upphæð 260.000 krónur sem safnaðist í bingói í Viku 6. Jenný Kristín Valberg teymisstýra Bjarkarhlíðar tók við framlaginu og sagði það munu nýtast vel í starfi þeirra, sem felst meðal annars í að styðja við þolendur ofbeldis og veita mikilvæga ráðgjöf og þjónustu.

Kennarar úr málmíðgreinum fóru í lok annar í heimsókn í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra þar sem markmiðið var að efla tengsl milli skóla og miðla reynslu á sviði verknáms og málmíðgreina. Í heimsókninni fengu gestirnir aðskoða aðstöðu skólans, verkefni nemenda og fjölbreytta vinnu sem unnin er innan málmíðgreina.

NFFA

Stjórn NFFA skólaárið 2025-2026 skipa þau Sigurður Brynjarsson formaður, Álfrún Embla Hrannarsdóttir, Jökull Viktor Jakobsson, Hringur Logi Sigurbjörnsson og Morten Ottesen. Fulltrúi nýnema var Karen Líf Viðarsdóttir. Félagslíf var fjörukt og aðsókn góð að viðburðum.

Eftirtaldir klúbbar voru starfandi á skólaárinu, formenn klúbba í sviga: *Jafnréttisfélagið Bríet* (Sunna og Eydís Glóð), *Góðgerðarfélagið Eynir, Gey* (Aldís Lilja og Vigdís Birna), *Hátíðarnefnd* (Elísa Nótt, Margrét Elva og Fura), *Leiklistarklúbburinn Melló* (Íris Embla og Hulda Þórunn), *Viskuklúbbur* (Ísólfur Darri), *Skutlan* (Marínó Ísak og Guðbrandur Ingi), *Pmax klúbbur* (Erik og Magnús Ingi), *Tónlistarklúbbur* (Bjarki Berg), *Íþróttaklúbbur* (Máni Berg og Bragi Friðrik).

Árshátíð NFFA var haldin 18. febrúar í golfskála Leynis. Þar var allt upp á tíu, góður matur og fallega skreyttur salur. Öll voru ungmennin þrúðbúin og kát og algjörlega til fyrirmyndar. Árshátíðarmyndband kvikmyndaklúbbsins Skutlunnar var síðan sýnt í lokin við góðar undirtektir. Veittar voru ýmsar viðurkenningar, s.s. Fyrirmynd FVA, Íþróttáalfur FVA og Krútt FVA. Veislustjórar voru systkinin Aron Mola og Birta Líf. Eftir kvöldverð og skemmtun í Golfskálanum var ball í FVA þar sem Blaz Roca og DJ Svabbzter héldu uppi stuðinu.

Þann 30. apríl var haldið lokaball í sal FVA þar sem gleðin var við völd. Friðrik Dór, Izleifur og dj. Svabbzter héldu uppi stuðinu og fór ballið vel fram.



Samstarf NFFA og Hvíta hússins var blómlegt á önninni, en þar var haldið pílumót, superbowl, pubquiz, spurningakeppni, spilakvöld, FIFA mót og fleira við góðar undirtektir.

Leiksýning

Föstudaginn 6. mars frumsýndi Leiklistarklúbburinn Melló söngleikinn Hvar er draumurinn? eftir Höskuld Þór Jónsson. Sýningin var 11. sýning leiklistarklúbbsins, að þessu sinni í leikstjórn Einarssonar. Alls voru 7 sýningar fyrir fullri Bíóhöll sem gengu glimrandi vel. Nemendur og allir sem komu að verkinu eiga mikið lof skilið fyrir skemmtilega, kraftmikla og metnaðarfulla sýningu.

KOSS

Árshátíð KOSS var á sínum stað 13. mars. Þemað í ár var Sveitaball og var haldið með rútu í Borgarnes. Fyrsta stopp var Skúlagatan þar sem höfðinginn Finnboggi Rögnvaldsson kennari við skólann tók myndarlega á móti starfsfólki. Eftir það var haldið í þar sem stuðið hélt áfram og hljómsveitin ... lék fyrir dansi.

Að frumkvæði KOSS hittist starfsfólk á Happy hour á Útgerðinni í apríl. Úr varð notaleg samverustund og spjall.

Um Hvítasunnuhelgina var farið í vel heppnaða gönguferð á Snæfællsnesi undir styrkri leiðsögn Grétu hjá Útiverum fjallaferðamennsku. Gengið var um Djúpalónssand, Lóndranga og Púfubjarg í brakandi blíðu.

Jafnrétti og EKKO teymi

Bryndís Gylfadóttir er jafnréttisfulltrúi skólans. Það sem var helst gert á önninni var að halda utan um Jafnréttisfélagið Bríet, jafnréttisviku og jafnréttisdag skólans.

Í EKKO teymi skólans sitja náms- og starfsráðgjafi, áfangastjóri og skólahjúkrunarfræðingur; jafnréttisfulltrúi, félagslífsfulltrúi og sálfræðingur eru kallaðir að borðinu þegar við á. Fulltrúar nemenda úr NFFA (2) og fulltrúi Bríetar taka þátt í fræðsluverkefnum teymisins. Ef einhver í teyminu er vanhæf/ur/t vegna tengsla viku viðkomandi úr teyminu og skólameistari fær annan aðila í stað viðkomandi.

Stoðþjónustan og farsæld

Nemendajónusta FVA er afar virk, vel menntuð og sérhæfð. Við skólann eru náms- og starfsráðgjafar í einu og hálfu stöðugildi, geðhjúkrunarfræðingur í hálfu starfi og sálfræðingur í 50% starfi. Þá er öflugt farsældarteymi skólans, sem inniheldur m.a. þrjá starfandi tengiliði sem fundar reglulega á önninni. Skólinn tekur einnig áfram þátt í Samstarfsvettvangi framlínufólks í velferðarþjónustu barna og skólaþjónustu á Vesturlandi með það að leiðarljósi að efla tengslanet og staðbundna þekkingu innan málaflokksins. Áhersla 2025 var fræðsla fyrir framlínufólk í farsældarþjónustu, og vinnulotur sem snéru að frístundum, forvörnum og foreldrum og fulltrúar stoðþjónstu mættu á þetta málþing.

Erlent samstarf

Erasmus verkefnið okkar WIFII (Widen Interaction for Innovative Inclusion) hélt áfram í fullu fjöri. Helena Valtýsdóttir og Kristín Kötterheinrich fóru til Tourcoing í Frakklandi í marsmánuði ásamt fimm nemendum FVA. Viðfangsefnið í þeirri ferð var Intergenerational Link – samskipti kynslóðanna.



Húsnæði og aðbúnaður

Á vorönn voru nemendastólar endurnýjaðir í B álmu. Keyptir voru gæðastólar að nafni PantoMpe-Lupofrá Pennanum, einn vinsælasti skólastóll Pennans. Hæðarstillanlegur með gaspumpu og á hjólum með 3D búnaði sem gerir það að verkum að stóllinn fylgir hreyfingum notandans fram og aftur og til hliðanna. Sumir verða smá sjóveikir á þessum stólum! Á næsta skólaári er stefnan að kaupa ný borð og fleiri stóla.

Haldið var áfram að mála eina og eina kennslustofu og dytta að því sem nauðsynlega þarf. Margt er komið á lista hjá okkur og orðið brýnt en nú bar svo við Framkvæmdasýslan tók enn eina kúvendinguna á stuttum tíma og við misstum tengiliðinn okkar. Síðan var sett upp gátt fyrir beiðnir og samskipti en allar beiðnir frystar (líka þær sem komnar eru á tíma og búið var að samþykkja fyrir löngu, ss svalir á heimavist, loft og gólf í Salnum, ledlýsingar (nemendur hafa kvartað undan flúorljósum) ofl. Í nýju gáttinni er hvorki síma né tölvupósti er svarað. Fleiri framhaldskólar glíma auðvitað við þetta ástand sem hefur nú varað í nokkra mánuði.

Bókasafn og námsver

Bókasafnið okkar er orðið vinsæll staður til að hanga á, spjalla við vini, læra og vinna að hópaverkefnum. Hægt að fá lánaða fartölvu til notkunar í tíma og eru þær vel nýttar. Tölvuverið til móts við bókasafnið var áfram notað fyrir borðtennis, það var mjög vel nýtt þó umgengni mætti vera betri oft á tíðum. Bókasafnið kom vel út í þjónustukönnun en þó var bent á að það væri of mikil læti í 09-strákunum sem hanga þar.

Boðið er upp á opna tíma einu sinni í viku í stærðfræði og raungreinum í námsverinu „Verið með Veru“. Meðan aðsókn er góð munum við halda þessari þjónustu ótrauð áfram!

Mötuneyti

Hollur og góður matur er aðalsmerki mötuneytis FVA. Þar er boðið upp á frían hafragraut í löngu frímínútunum, heitan mat og salatbar í hádeginu. Á miðvikudögum er alltaf veisla og boðið upp á ís í eftirrétt. Starfsfólk mötuneytis er alltaf með bros á vör, tilbúið með girnilegan mat og hreinan sal á hverjum degi. Í þjónustukönnun sem gerð var meðal nemenda á vordögum var mikil ánægja með þjónustuna, „þær eru drollurnar!“ Takk fyrir okkur í vetur!

Heimavist

Íbúar á heimavist skólans voru 39 á önninni, flestir í eins manns herbergjum.

Nýjar hurðir voru settar upp á heimavistinni, eftir þeim hafði verið beðið lengi. Þær eru eldtraustar og hljóðeinangraðar og er mikil ánægja með þær hjá vistarbúum.

Umgengni mætti vera betri á heimavist, bæði í herbergjunum, þvottahúsinu og ekki síst í eldhúsinu og hefur stundum þurft að bregða á það leiðindaráð að loka því til að skerpa á mikilvægi góðrar umgengni. Vistarbúar þurfa að læra að hver á að ganga frá eftir sig!

Reglur heimavistar þarf að virða svo allir njóti næðis og öryggis og brot á þeim varðar áminningu eða brottvísun eftir atvikum.

Vistarstjóri er Aron Steinn Davíðsson.



Í annarlok

Með stefnumótun sem hófst 2023 í FVA hefur margt áunnist; kennsluhættir eru fjölbreyttir og námið lífandi og unnið er markvisst að því að auka virkni og þátttöku nemenda. Segja má að við séum hálfnuð með verkefni en á árinu bættust við eftirtaldar áherslur: Fjölbreytt nám, framsækin nálgun, tæknin nýtt til fulls og framúrskarandi vinnustaður.

Þá var haldið áfram frá síðasta starfsári með að flétta grunnþætti menntunar og heimsmarkmið SP inn í nám og kennslu eftir föngum og vinna með námskraft og vellíðan nemenda.

Starfsemi skólans bar merki niðurskurðar sl mánuði þar sem nemendaígildum okkar var fækkað. Verulega var dregið úr yfirvinnu kennara í samræmi við stefnumiðaða ríkisáætlun, starfshlutfall sálfræðings og gæða- og mannauðsstjóra var m.a. lækkað og hagrætt í ræstingum. Fámennir áfangar voru felldir niður og námsstuðningur skorinn niður um helming. Kom það harðast niður í efstu áföngum á stúdentsbrautum og á nemendum sem standa höllum fæti, þvert á óskir okkar, markmið og stefnur, en ekki var stætt á öðru. Við árslok 2025 reyndist fjárhagsstaðan betri en við áttum von á en skólinn er vissulega einn af ellefu framhaldsskólum sem er rekinn með halla þrátt fyrir ráðdeild og hagsýni.

Nemendur eiga sífellt erfiðara með að leggja frá sér símann og losa sig úr netinu og er það vandamál bæði skóla og heimila. Úthaldið og seigluna þarf stanslaust að þjálfa, m.a. með því að ganga á undan með góðu fordæmi, slaka ekki á kröfum og hvika hvergi. Ekki veitir af aga, aðhaldi og því að kenna nemendum okkar upplýsingatækni og umgengni við algengustu ritvinnsluforrit. Það er hluti af námi í nútímasamfélagi að læra að umgangast tölvur og nýta þær sér til gagns, kunna að einbeita sér, nota helstu forrit, vista skjöl, skila rafrænt osfrv. Áhersla er á að temja sér skipulag og öguð vinnubrögð.

Í mennta- og barnamálaráðuneytinu er m.a. verið að vinna að því að samræma brautir milli skóla, td náttúruvísindabraut og húsasmíðabraut sem vonandi er til hagsbóta fyrir nemendur. Við tengum einn tengilið til að sinna okkar málum í ráðuneytinu, misstum hann án skýringa og fengum annan sem fór síðan í fæðingarorlof og höfum ekki fengið nýjan þegar þetta er ritað.

Áhyggjuefni er hversu erfitt það hefur reynst fyrir nemendur okkar í verknámi að komast á samning. Nokkrir nemendur stóðu uppi án skirteinis á vordögum vegna þessa. Á fundi með meisturum og Nemastofu sem haldinn var í FVA 11. maí sl kom m.a. fram að nemaplássin á Vesturlandi eru ekki nægilega mörg og markaðurinn hefur gjörbreytst þar sem fjársterkir aðilar kaupa lóðir og ráða verktaka sem vilja bara ódýrt vinnuafli. Áhugi meistara á að taka að sér nema með þeirri ábyrgð og kostnaði sem því fylgir er því miður dvínandi. Áhersla er lögð á að finna lausnir hér í FVA en þessi vandi verður viðvarandi með aðgerðaleyfi stjórnvalda og kólnandi hagkerfi.

Önninni lauk með fyrsta Fræðsluþingi framhaldsskólanna þriggja á Vesturlandi, sem haldið var í FVA þann 27. maí. Yfirskriftin er **Framtak og forvitni**. Málstofur um nám og kennslu voru haldnar á vegum hvers skóla milli kl 10 og 14. Viðburðurinn er liður í kjarasamningsbundinni starfsþróun kennara og starfsþróunarteymi skólanna þriggja vinna saman að útfærslunni. Hugmyndin er að hver skólanna haldi síðan áþekkt þing á tveggja ára fresti þar sem við miðlum af reynslu og þekkingu og lærum hvert af öðru. Tókst þetta einstaklega vel til og er hugur í fólki að hittast sem fyrst aftur.

Það er alltaf fjör á Fjölbraut! Gleðilegt sumar!